

Síldarvinnslan hf – Seyðisfirði  
Gunnar Sverrisson  
Strandarvegi 1-11  
710 Seyðisfjörður


Reykjavík, 18. desember 2019  
UST201901-310/gf  
08.10.02

**Varðar reglubundið eftirlit 2019 – fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar á Seyðisfjörður**

Þann 6. nóvember sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram en úrbætur hafa verið gerðar og fráviku því lokað. Ábending var gerð um geymslu fljótandi efnavara hjá fyrirtækinu (sjá meðfylgjandi skýrslu).

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrít:** Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður

UMHVERFISSTOFNUN  


Dags eftirlits	6.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Seyðisfirði	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Strandarvegi 1 - 11	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	733858,42 539323,093

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitsferðinni. Staðfest var að úrbótum varðandi útblásturshraða er lokið og er hraði útblásturslofts nú yfir 20 m/sek. Frestur til að skila inn nýjum mælingum á ryki í útblæstri er til loka árs 2019.

Ábending var gerð um geymslu fljótandi efnavara hjá fyrirtækinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúum fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og rýnt í ákveðnar greinar í starfsleyfi fyrirtækisins. Farið var yfir drög að áhættumati með starfseminni en skv. reglugerð 550/2018 skal Umhverfisstofnun byggja tilni vettvangsheimsókna sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar á kerfisbundnu áhættumati. Niðurstaða áhættumatsins verður notuð sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2020. Farið var yfir leiðbeiningar um tilkynningar vegna mengunaróhappa. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar komu engin ný frávik fram. Tvö frávik komu fram í eftirlitsskýrslu frá 2017 er varðar ryk í útblæstri og loftthraða útblásturslofts. Í kjölfarið barst úrbótaáætlun frá rekstraraðila. Í eftirlitsferðinni var staðfest að úrbótum varðandi útblásturshraða er lokið og er hraði útblásturslofts nú yfir 20 m/sek. Í samræmi við gr. 2.13 í starfsleyfi. Stofnunin veitti upphaflega frest til 1. júlí 2019 til að skila inn nýjum mælingum á ryki í útblæstri sá frestur hefur nú verið framlengdur til loka árs 2019 að ósk rekstaraðila.

Fram kom í eftirliti að búið væri að tæma olíugeyma af svartoliunni en beðið er eftir svari frá þjónustuaðila um afgreiðslu á nýrrí olíu með lægri brennisteinsinnihaldi.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfsseminna og engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Það sem af er ári hefur verksmiðjan unnið úr rúmlega 36.000 tonnum af hráefni. Sem fyrr er starfsemin nær eingöngu bundin við vinnslu á kolmunna. Verksmiðjan var gangsett þann 17. febrúar sl. eftir rúmlega átta mánaða stopp og vinnslunni lauk í lok maí.

Gæðahandbók starfstöðvar sem inniheldur m.a. viðbragðsáætlun við bráðamengun og umhverfismarkmið í samræmi við gr. 4.1 og 4.4 í starfsleyfi er endurskoðuð árlega.

Fram kom í eftirliti að útskipunarlögn fyrir lýsi var þrýstiprófuð í ágúst 2018 og til stendur að þykktarmæla lýsisgeyma.

Eftirfarandi gögnum frá síðustu vettvangsheimsókn hefur verið skilað til eftirlitsaðila:

- Grænu bókhaldi var skilað í júní sl. og útstreymisbókhaldi var skilað í apríl sl. vegna ársins 2018. Síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert skv. gr. 3.3 í starfsleyfi.
- Magn mengandi efna í frárennslí var mælt á kolmunnavertíð í mars sl. og samkvæmt skýrslu mældist magn mengandi efna í öllum tilfellum innan losunarmarka.
- TVN gildi er mælt daglega meðan vinnslan er í gangi og niðurstöðum skilað reglulega. Hráefnið uppfyllti í öllum tilfellum mörk fyrir TVN gildi, sbr. gr. 2.2 í starfsleyfi.
- Flotgirðing sem verksmiðjan hefur aðgang að var síðust notuð 27.6.2018 en hún skal æfð a.m.k. á 5 ára fresti. Staðfesting hefur verið send, sbr. gr. 2.21 í starfsleyfi.
- Þjónustuaðilar sjá um tæmingu á olíuskilju eftir þörfum sem og flutning á úrgangsolíu. Staðfesting flutningsaðila voru fyrliggjandi hjá fyrirtækinu.

Að fundi loknum var haldið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Eftirfarandi kom fram á vettvangi:

- Hreinsibúnaður fyrir fitu í verksmiðjunni var skoðaður. Öll fita og föst efni eru tekin til vinnslu í verksmiðjunni.
- Efnageymslur voru skoðaðar. Hugað er að aðskilnaði efna. Öryggisblöð fyrir efnin voru til staðar og viðbragðsáætlun var sýnileg starfsmönnum.
- Olíuefni eru geymd m.a. á stórrí lekabytti eða á gólfí þar sem frárennslí er tengt olíuskilju. Frárennslí frá gólfí í olíukatlarými er einnig tengt inn á olíuskiljuna.

- Ástand olíugeyma var skoðað. Innan lekaþróar eru þrír lýsisgeymar og einn dagtankur, að auki er einn tómur olíugeymir merktur Shell sem ekki er lengur í notkun. Fram kom í eftirliti að dagtankurinn tengist með neðanjarðarlögn inn á birgðageymi á vegum Olíudreifingar sem staðsettur er í lekaheldri þró innar við verksmiðjuna.

## Frávik frá

## Lýsing á fráviki

ákvæði 3.3 í starfsleyfi

Grænt bókhald barst of seint. Það er frávik frá starfsleyfi.

Þar sem græna bókhaldið hefur borist (júní sl.) þá er frávíkinu lokað og verður engin eftirfylgni út af þessu.


## ÁBENDINGAR

Athugið að takmarka þarf mengunarhættu eins og völ er á og því æskilegt að fljótandi efnavara standi á lekabyttum eða að lágmarki þekja niðurfell í efnageymslum og hafa ídraeg efni við höndina ef efni spillist eða er losað fyrir slysni.

18.12.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Gottskálk Friðgeirsson

bls. 4